

91 Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 1955. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing 20. júní frá 11. marz 1946, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 20. júní 1955.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

92 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjóðhildarsjóð, útgefin á venjulegan 22. júní hátt af dómsmálaráðherra ad mandatum 22. júní 1955.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjóðhildarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Þjóðhildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er eftirlátnar eignir Þjóðhildar Þorvaldsdóttur frá Leikskálum, er andaðist 5. júní 1953, en eignum dánarbúsins var öllum komið í peninga og eru við árslok 1954 kr. 11858.12, sem ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu.

3. gr.

Samkvæmt arfleiðsluskrá Þjóðhildar heitinnar verður stjórn sjóðsins þessi: sýslumaðurinn í Dalasýslu, prófasturinn í Dalaprófastsdæmi og héraðslæknirinn í Búðardalshéraði. Sýslumaðurinn er formaður sjóðstjórnar og féhirðir sjóðsins.

4. gr.

Hálfum vöxtum sjóðsins, þar til hann er orðinn kr. 15000.00, og síðan níu tíundu vaxtanna, má verja til styrktar fátækum sjúklingum í Dalasýslu, þeirra, er þurfa að leita sér lækninga á spítulum eða sérlækningastofnunum. Sjúklingar úr Suðurdölum, Hörðudal, Miðdölum og Haukadal, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um styrki þessa og þeir einir hljóta þá, sem ekki eru á sveitarframfæri. Áður en sjóðstjórnin úthlutar styrkjunum, skal hún gefa sóknarpresti Suðurdalapinga kost á að leggja fram tillögur um skiptingu styrkjanna.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu og skulu ársreikningar hans sendir eftirlitsmönnum opinberra sjóða.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.